



Borgarráð

Efni: Kjarasamningur við Sjúkraliðafélag Íslands

Orlofsuppbætur

1. Kjarasamningur við Sjúkraliðafélag Íslands

Samninganefnd Reykjavíkurborgar hefur skrifað undir nýjan kjarasamning við Sjúkraliðafélag Íslands með gildistíma: 1. apríl 2019 – 31. mars 2023.

Samningurinn felur í sér sömu launahækkanir og Reykjavíkurborg hefur þegar samið við önnur stéttarfélög svo sem Sameyki og Eflingu:

- apríl 2019 hækka laun um kr. 17.000
- apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000
jafnframt verður tekin upp ný launatafla með 1% bil á milli launaflokka, samhliða breyttri tengingu starfsmats við launatöflu
- janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000
- janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000

Greiðslur vegna viðbótarmenntunar greiðist nú með hækkun á persónuálagi í stað viðbótarlaunaflokka.

Kjarasamningurinn felur í sér tímamótabreytingar á vinnuumhverfi starfsmanna sem lúta að bættu starfsumhverfi og möguleika á styttri vinnuviku, bæði hjá dagvinnufólki sem og vaktavinnufólki. Sem liður í að draga úr hvata til yfirvinnu í kjölfar styttri vinnuviku var samið um tvískipt yfirvinnuálag. Þá tekur ný grein um önnur laun gildi. Önnur laun geta verið vegna reglubundnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun koma í stað tímakaups í yfirvinnu.

Nýr kjarasamningur felur í sér að orlofsávinnsla miðast nú ekki við aldur heldur gildir 30 daga orlofsréttur fyrir alla starfsmenn. Þá er kveðið á um að uppsafnað orlof megi ekki fara yfir 60 daga og 25% lenging á orlofi utan sumarorlofstímabils gildir eingöngu með skriflegri beiðni yfirmanns.

Samkvæmt endurskoðuðum viðræðuáætlunum frá júlí 2019 voru framkvæmdar innágreiðslur 1. ágúst 2019 að upphæð 105.000 kr. til hvers starfsmanns miðað við fullt starf. Hefur verið tekið tillit til þess í launakostnaði vegna 2019.

Ljóst er að stytting vinnuviku hjá vaktavinnufólki mun fela í sér kostnaðarauka vegna viðbótarmönnunar og er tekið tillit til þess í kostnaðarmati.

Til að mæta auknum kröfum til faglegrar menntunar var gert ráð fyrir 55 milljóna króna árlegu viðbótarfjármagni á samningstímanum til launaðra námsleyfa sem skiptast á svið í hlutfalli við stöðugildi. Framlagt kostnaðarmat tekur mið af þeim stöðugildum sem undirritaður samningur nær til.

Kostnaðarmat kjarasamninga	Aukinn launakostn. v. 2019	Aukinn launakostn. v. 2020	Aukinn launakostn. v. 2021	Aukinn launakostn. v. 2022	% v. 2019	% v. 2020	% v. 2021	% v. 2022
Sjúkraliðafélag Íslands	17.040.847	96.511.573	173.822.880	235.031.856	1,7%	9,7%	17,5%	23,7%
Stytting Vaktavinna (SÍF)			62.613.930	65.898.556			6,3%	6,6%
Menntun (Framvegis)		8.181.032	8.181.032	8.181.032		0,8%	0,8%	0,8%
Námsleyfi (SÍF)	1.187.309	1.293.509	1.362.433	1.433.905	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Orlofs- og desemberuppbætur	656.230	524.984	524.984	524.984	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
SAMTALS	18.884.386	106.511.097	246.505.259	311.070.332	1,9%	10,7%	24,8%	31,3%

Niðurstaða samningsins byggir í meginatriðum á grunni lífskjarasamnings sem samið var um á almenna vinnumarkaðnum 3. apríl 2019 en einnig í samræmi við markmið og megináherslur sem að samninganefnd Reykjavíkurborgar kynnti fyrir viðsemjendum sínum vorið 2019. Með nýjum kjarasamningi er stigið stórt skref til styttingar vinnuviku bæði hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki með það að leiðarljósi að bæta vinnustaðameningu en stuðla jafnframt að bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs.

2. Orlofsuppbætur

Ennþá er ósamið við stéttarfélög innan BHM, Kennarasamband Íslands, Félag íslenskra hljómlistarmanna sem og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Verkfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag tölvunarfræðinga. Viðræður við öll þessi stéttarfélög standa nú yfir og er stefnt að því að ganga frá nýjum kjarasamningum á sambærilegum nótum og samið hefur verið við önnur stéttarfélög.


Þannig hefur samninganefnd Reykjavíkurborgar þegar lagt fram tilboð til allra stéttarféлага innan BHM, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Verkfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag tölvunarfræðinga þar sem orlofsuppþót hækkar um 1.000 kr. milli ára hjá starfsmönnum í fullu starfi og fer þá orlofsuppþót í 51.000 kr. fyrir árið 2020.

Annaruppþætur hjá félagsmönnum innan KÍ sem og Félagi íslenskra hljómlistarmanna hækka um 2.225 kr. pr. stöðugildi samkvæmt tilboði sem þegar hefur verið lagt fyrir stéttarfélagin og fara því annaruppþætur fyrir júní 2020 í 91.225 kr. fyrir starfsmenn í fullu starfi.

Er því lagt til að orlofs- og annaruppþætur sem greiddar verða út 1. júní næst komandi taki hækkunum hjá þeim starfsmönnum Reykjavíkurborgar sem eru í stéttarfélagum sem ennþá er ósamið við:

	Stöðugildi	Hækkun á orlofs-/annaruppþót	Samtals orlofs-/annaruppþót með launatengdum gjöldum
BHM	725	894.775 kr.	45.633.512 kr.
KÍ/FÍH	2.031	5.614.924 kr.	230.211.897 kr.
Félag ísl. hjúkr.fræðinga	74	90.911 kr.	4.636.476 kr.
Verkfræðingafél. Ísl.	48	58.361 kr.	2.976.386 kr.
Stéttarfél. tölvunarfr.	10	12.305 kr.	627.570 kr.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar



Hjálagt: Nýr kjarasamningur Sjúkraliðafélags Íslands, undirritaður 20. apríl 2020